

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 126 – 11.11.2009

Miðvikudaginn 11. nóvember, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Staðan 2009 og fjárhagsáætlun 2010.
2. Vatnsgjald 2010
3. Hitaveitan á Sólgörðum.
4. Málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Páll Pálsson fór yfir rekstarstöðu Skagafjarðarveitna ehf og lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2010
2. Samþykkt að vatnsgjald verði vegna ársins 2010, 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera pr. rúmmetra kr. 31,50 og hámarksgjald pr. rúmmetra kr. 37,00. Óbreytt gjaldskrá frá fyrra ári.
3. Lögð fram fundargerð frá sameiginlegum fundi með fulltrúum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis, Skagafjarðarveitna ehf og hagsmunaaðilum jarðhitanýtingar við Sólgarða og Langhús, sem haldin var að Sólgörðum Fljótum 26. október 2009. Páll gerði grein fyrir fundinum og stöðu mála í dag. Ákveðið að biða eftir niðurstöðum nefndar forsætisráðuneytisins sem fjallar um auðlindargjald og væntanlega skilar niðurstöðum fljótlega eftir áramót.
4. Rætt um málefni Gagnaveitu Skagafjarðar.
5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

